

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

340. fundur

Föstudaginn 21. maí 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram að Hesthálsi 14 og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfið.
2. Árshlutauppgjör janúar til mars 2021.
3. Lánakjör frá Lánasjóði sveitarfélaga.
4. Greining KPMG á frumvarpi til fyrirhugaðra breytinga á vsk. lögum.
5. Afturköllun á prókúru.
6. Samstarfssamningur við Vetnis ehf.
7. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfið.

Umræður um leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði er varða þjónustu í Skarðshlíð. Sérfræðingar Strætó og Hafnarfjarðar munu í framhaldinu vinna málin áfram.

Valgerður Benediktsdóttir kynnti jafnframt stöðu vinnu við nýtt leiðanet.

2. Árshlutauppgjör janúar til mars 2021.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins pr. 31. mars 2021. Árshlutauppgjör er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta árshlutauppgjör 31.03 2021.

3. Lánakjör frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri kynnti lánakjör sem í boði eru hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að vinna áfram að því að afla heimildar til lántöku til fjárfestinga. Stjórn heimilar einnig framkvæmdastjóra að skoða nánar fjárfestingu á tveimur nýjum vögnum í ljósi stöðu vagnaflotans.

4. Greining KPMG á frumvarpi til fyrirhugaðra breytinga á vsk. lögum.

Framkvæmdastjóri kynnti greiningu KPMG á fjárhagslegum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 50/1998 um virðisaukaskatt á rekstur Strætó bs. Aðkeypt akstursþjónusta Strætó hefur verið undanþegin virðisaukaskatti en samkvæmt frumvarpi sem fram er komið í samráðsgátt er ætlunin að fella þá undanþágu úr gildi.

5. Afturköllun á prókúru

Lagt var fyrir fundinn að afturkalla prókúru Ástríðar Þórðardóttur, kt. 190767-4189, fyrrum fjármálastjóra Strætó bs. Tillagan samþykkt og tekur gildi strax.

6. Samstarfssamningur við Vetnis ehf.

Fyrir fundinum lá samningur um samstarf við Vetnis ehf. Um er að ræða tilraunaverkefni um skoðun á vetni sem orkugjafa á strætisvagna, án nokkurra skuldbindinga fyrir samningsaðila og gildir samningurinn til 31.12.2021 nema aðilar hafi sagt honum upp áður. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að undirrita samninginn.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Fylgiskjöl:

Árshlutauppgjör janúar - mars 2021

Greining KPMG

Fundi slitið kl. 12:30.

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason